

BIRNA LÁRUSDÓTTIR

## Orð forn og ný – um undirbúning og aðdraganda orðasafns í fornleifafræði

*Erindi á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar á degi íslenskrar tungu 2003. Auk Birnu fluttu þar erindi Ágústa Þorbergsdóttir, Guðrún Kvaran, Þorsteinn Vilhjálmsson og Þuríður Þorbjarnardóttir. –Ritstj.*

Orðasafn í fornleifafræði hefur verið í bígerð um nokkurt skeið. Upphafið má rekja aftur til ársins 1999 þegar Fornleifastofnun Íslands og Félag íslenskra fornleifafræðinga fengu styrk úr Málræktarsjóði til að leggja drög að orðasafninu. Með lauslegri athugun hafði verið áætlað að iðorð í fornleifafræði væru um 250 talsins en þegar ítarlegri orðaleit lauk árið 2000 voru þau orðin um 700. Var þá hafist handa við að semja skilgreiningar fyrir hluta orðanna. Síðan hefur orðastarf legið niðri um skeið en ætlunin er að bæta úr því nú í vetur enda fékkst styrkur úr Menningarsjóði síðastliðið vor til að halda starfinu áfram. Margir kunna að velta fyrir sér hvers vegna þörf sé á sérstöku orðasafni í fornleifafræði. Til að varpa ljósi á það er nauðsynlegt að segja í örstuttu máli frá fræðigreininni, rótum hennar hér á landi og hvernig hún hefur þróast.

Hvað gera fornleifafræðingar? Margir hafa aðeins óljósa hugmynd um það og halda jafnvel að til sé heil stétt sérfræðinga sem geri ekkert nema grúska í jarðlögum og finna fjársjóði daginn út og inn. Þótt hugmyndin sé rómantísk er hún ekki alls kostar rétt. Starf fornleifafræðingsins er nefnilega geysilega fjölpætt. Á sumrin er vissulega mikil útivinna. Sumir grafa, aðrir ganga um heilu hreppana í leit að rústum og enn aðrir leita uppi minjar á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum til að koma í veg fyrir að þær lendi í jarðýtutönnum. Á veturna er tíminn notaður í úrvinnslu og undirbúning. Mikið er skrifað af skýrslum og greinum, útbúin kort og líkön, grúskað í heimildum og svo ótal margt fleira. Sumir gera nákvæmar athuganir á sínu sviði, t.d. þeir sem fást við gripi og meinafræðilegar rannsóknir á mannabeinum. Fornleifafræði á Íslandi á sér nokkuð langa sögu þótt greinin hafi breyst mikið í tímans rás.

Hið íslenska fornleifafélag var stofnað árið 1879. Helsti tilgangur þess var eins og segir í fyrstu lögum félagsins: „...að vernda fornleifar vorar, leiða þær í ljós, og auka þekking á hinum fornu sögum og síðum feðra vorra.“<sup>1</sup> Það er óhætt að segja að starfsmenn félagsins hafi unnið ötullega að þessum stefnumálum næstu árin, fóru víða um land og söfnuðu upplýsingum um merka minjastaði. Sögufrægir staðir voru iðulega hafðir í hávegum og hið einstaka og stórkostlega jafnan tekið fram yfir hið almenna og venjubundna. Tengingin við sögurnar var geysilega sterk og stundum báru jafnvel fornar sögur fornleifarnar ofurliði. Sem dæmi um það má nefna rannsókn Sigurðar Vigfússonar á Geirshólma í Hvalfirði sumarið 1880. Hann fékk tvo bændur til að róa með sig í hólmann, sem mjög kemur við sögu Harðar og Hólmverja, og dvaldi þar lengi dags við mælingar. Afraksturinn var uppdráttur af hólmanum og inn á hann setti Sigurður útlínur af skála Hólmverja eins og hann áleit hann hefði verið eftir

<sup>1</sup> „Lög hins íslenska fornleifafélags“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1881, bls. 2.

lýsingu sögunnar.<sup>2</sup> Í Geirshólma voru samt sem áður engar sjáanlegar fornleifar. Svipað var uppi á teningnum þegar grafið var á Bergþórshvoli fáeinum árum síðar. Þar voru reyndar notaðar hávísindalegar aðferðir, t.a.m. var hvítt efni, sem fannst við rannsóknina, sent í efnagreiningu sem var alger nýjung í fornleifarannsókn á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Niðurstaðan var afgerandi: Efnið var skyr og ekki bara eitthvert skyr heldur skyr Bergþóru.<sup>3</sup>

Fornleifafræðingar nútímans komast ekki að slíkum niðurstöðum enda hafa áherslur í greininni breyst mikið. Nú er reynt er að setja niðurstöður fornleifarannsókna í stærra samhengi en áður þekktist. Spurt er flókinna rannsóknarspurninga á borð við: Hvert var heilsufar Íslendinga til forna? Hverjir voru neysluhættir íslenskrar yfirstéttar? Hvaða áhrif hefur byggð haft á gróðurfar? Hvernig þróaðist íslenskt samfélag á fyrstu öldum byggðar? Til að svara svo margþættum spurningum þarf vísindamenn með ólíkan bakgrunn og nú er svo komið að fornleifafræðinni tilheyra margar undirgreinar. Gripafræði, fornvistfræði, beinafræði og fornmeinafræði, jarðvegsfræði, dýrabeinafræði og landslagsfornleifafræði. Það kann að hljóma ótrúlega að ekkert formlegt orðastarf hafi verið unnið í greininni fram að þessu – það er svo sannarlega þörf á því. Þegar fræðigrein er orðin svona flókin og margþætt er grundvallaratriði að hugtök séu vel afmörkuð og skilgreind bókstaflega til að fólk tali sama tungumálið.

Kristján Eldjárn var fyrsti Íslendingurinn sem hélt utan til náms í fornleifafræði og átti síðan langan og farsælan feril sem fornleifafræðingur og síðar þjóðminjavörður. Hann var mjög afkastamikill og eftir hann liggur fjöldi greina og fræðirit. Það er athyglisvert að Kristján gerði sér far um að móta orðaforða fornleifafræðinnar og var mjög meðvitaður um orð og hugtök sem hann tók sér í munn. Er óhætt að segja að hann hafi fært umræðu í greininni á vísindalegra stig en áður hafði þekkt. Stundum ræðir hann einstök hugtök í upphafi rita sinna og rökstyður af hverju hann velur að nota þau en ekki einhver allt önnur. Dæmi um þetta finnst í því fræga riti *Kuml og haugfé* þar sem Kristján útskýrir í formála hvers vegna hann kýs að nota orðið *kuml* um legstað heiðins manns. Hann felldi sig ekki við *dys* eða *haug* enda þótti honum þau orð gefa of sterkt til kynna útlit og gerð grafarinnar. „Orðið,“ segir Kristján um *kuml*, „á að vera samheiti, algjörlega hlutlaust um gerð legstaðarins.“<sup>4</sup> *Haugfé* var líka nýtt fræðiorð, samheiti yfir allt það góss sem finnst í gröfum heiðinna manna. Annað dæmi um nýjung hjá Kristjáni í öðru riti er orðið *kléberg* yfir innfluttan nytjastein sem algengur var á Íslandi allt frá landnámi og fram eftir öldum. Fram að því höfðu menn yfirleitt talað um *tálgustein* en það felldi Kristján sig ekki við enda var það notað jöfnum höndum um ýmsar tegundir innlendra, mjúkra steina. Lagði hann því til orðið *kléberg* og studdi tillögu sína ágætum rökum, steinninn hét nefnilega á norsku *kleber* og taldi Kristján að orðið hefði verið lifandi á Íslandi við landnám. Því til stuðnings benti hann á örnefnið *Kléberg* á Kjalarnesi.<sup>5</sup>

Þetta eru fyrstu afgerandi dæmin um vel rökstudda hugtakanotkun í fornleifafræði á Íslandi. Þótt orðin, sem þannig bættust við, séu ekki ýkja mörg er

<sup>2</sup> Sigurður Vigfússon 1881. „Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 71-72.

<sup>3</sup> Storch, V. 1887. „Efnafraeðislegar rannsóknir með viðhöfðum sjónauka á einkennilegu efni, fundnu við útgröft þann, er Sigurður Vigfússon framkvæmdi á Bergþórshvoli...“ Viðbætur við *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 1-18.

<sup>4</sup> Kristján Eldjárn. 1956. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, bls. 9. Norðri, Akureyri.

<sup>5</sup> Kristján Eldjárn. 1951. „Kléberg á Íslandi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 41-62.

óhætt að segja að Kristján hafi lagt traustan grunn að orðastarfi í greininni og öll þessi orð, þ.e.a.s. *kuml*, *haugfé* og *kléberg*, hafa verið notuð óslitið fram á þennan dag.

En þá að tæknilegum atriðum. Orðasafnið verður fyrst og fremst miðað við íslenska fornleifafræði, a.m.k. fyrst um sinn, enda er af augljósum ástæðum töluvert af hugtökum í greininni sem eru að jafnaði ekki notuð á Íslandi. Þannig þurfa íslenskir fornleifafræðingar ekki að lýsa gripum frá bronsöld eða greina frá því hvernig húsakostur Rómverja þróaðist. Íðorðum í safninu má skipta gróflega í fimm flokka. Þeir eru:

1. **Mannvirki**. Dæmi: *stekkur*, *öskuhaugur*.
2. **Gripir**. Dæmi: *döggskór*, *sörvistala*.
3. **Efni**. Dæmi: *móaska*, *kvíahnaus*.
4. **Tæknileg uppgrftarhugtök** en yfir þau vantar oft íslensk orð. Dæmi: *?skurður* (e. *truncation*), *?uppmokstur* (e. *backfill*).
5. **Aðferðir, kennileg hugtök, stílfræði**. Hér vantar einnig oft íslensk orð: *single context planning*, *absolute dating*.

Það þarf að nálgast þessa hugtakaflokka á nokkuð ólíkan hátt þegar kemur að skilgreiningum. Þannig eru auðvitað til grundvallarskýringar á merkingu flestra orða í flokkum mannvirkja, gripa og efnis í *Íslenskri orðabók*. Í næstum öllum tilvikum þarf þó að auka við þær og setja í fornleifafræðilegt samhengi.

Ágætt dæmi er orðið *flöguberg*. Um það segir í *Íslenskri orðabók* að það sé ummyndað berg sem klofni í þunnar hellur sem er í sjálfu sér ágæt skýring.<sup>6</sup> Til að setja hugtakið í fornleifafræðilegt samhengi er nauðsynlegt að bæta því við að flöguberg hafi verið notað í brýni. Þá þarf að koma fram að flöguberg hafi verið innflutt vara og ekki væri nú síðra að vita hvernig það lítur út. Þegar þannig bætt er við venjubundna skilgreiningu þarf auðvitað að styðjast við heimildir, þ.e. hvernig hefur verið fjallað um viðkomandi hugtak fram að þessu í fornleifafræði.

Nokkur vinna hefur verið lögð í íðorð tengd gripum. Árið 1974 átti hópur norrænna fornleifafræðinga, sagnfræðinga og listfræðinga frumkvæði að verkefni sem hafði að markmiði að samræma nafngiftir á miðaldagripum. Gefin voru út spjöld með heitum gripa á öllum Norðurlandamálum og einföldum skýringarmyndum þar sem fram koma heiti á einstökum hlutum gripa. Þannig eru t.d. til 14 orð yfir mismunandi hluta sverðs, þ. á m. *klót*, *hjalt*, *blóðrefill*, *egg*, *kambur* og *tangi*.<sup>7</sup> Það segir sig sjálft að það er mikils virði fyrir þá sem fjalla um gripi að geta gengið að slíkum upplýsingum. Útfærslan er góð og má örugglega byggja á mörgu sem kemur fram á þessum gripaspjöldum í orðasafninu.

Þegar kemur að hugtakaflokkum fjögur og fimm, þ.e. uppgrftarhugtökum og aðferðum og kennilegum orðum, þarf að beita dálítið annarri nálgun. Þar vantar nefnilega oft orð á íslensku. Þetta stafar m.a. af því að lítið sem ekkert hefur verið þýtt af almennu efni um fornleifafræði og nýjar aðferðir við uppgröft og skráningu hafa verið innleiddar á allra síðustu árum.

Í orðanefnd situr harðsnúið lið fornleifafræðinga með fjölbreytilegan bakgrunn. Þetta eru Garðar Guðmundsson fornvistfræðingur, Hildur Gestsdóttir beinafræðingur, Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur og ritstjóri *Árbókar hins íslenska*

<sup>6</sup> *Íslensk orðabók* 2002, bls. 363. Edda, Reykjavík.

<sup>7</sup> *Nomina rerum mediævalium (NORM)*. 1983. Nafnaskrá um norræna miðaldahluti. Nordisk Ministerråd/Arbeidsgruppen.

*fornleifafélags*, Orri Vésteinsson, sem er nýráðinn lektor í fornleifafraeði við HÍ, og síðast en ekki síst Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður.

En hverjir koma til með að nota orðasafnið? Það er hugsað fyrir alla þá sem gætu þurft að fletta upp orðum og hugtökum: Fræðimenn innan jafnt sem utan greinarinnar, nemendur, fjölmiðlafólk og allan almenning. Eins og margir vita hófst kennsla í fornleifafraeði við Háskóla Íslands haustið 2002 og því hefur þörfin á samræmdu orðasafni í greininni aldrei verið brýnni en nú. Orðabanki Íslenskrar málstöðvar er geysilega gott tæki til að vista og vinna orðasöfn. Ekki einungis að hver sem er geti flett upp fræðiorðum í ýmsum greinum hvar sem hann er staddur heldur er orðabankinn lifandi: Með einu handtaki getur ritstjóri bætt inn orði, skilgreiningu eða leiðréttingum. Þetta er mikilvægt fyrir gott orðasafn enda grundvallaratriði að það sé í sífelldri mótun og endurskoðun. Þó hlýtur að koma að því að hugað verði að útgáfu á prenti. Ekki er það af eintómri íhaldssemi heldur líka vegna þess að það hentar fornleifafraeðingum mjög vel að geta blaðað í orðasafni við vettvangsvinnu þar sem öll skráning þarf að vera hnitmiðuð og nákvæm. Þannig mætti hugsa sér að gefa út einstaka hluta af orðasafninu, t.d. eitt rit um gripi eingöngu, þá auðvitað myndskreytt, og annað með uppgrafarhugtökum sem væri afar hentugt í uppgröftum. Stefnt er á að opna orðasafnið á heimasíðu Íslenskrar málstöðvar fyrir notendum haustið 2004. Þá verður það kynnt fyrir væntanlegum notendum og óskað sérstaklega eftir athugasemdum og viðbótum við það.

Rannsóknir í fornleifafraeði hér á landi hafa aldrei verið fleiri og umfangsmeiri en einmitt um þessar mundir. Á næstu árum og áratugum má búast við að mikið verði skrifað, vonandi bæði fyrir almenning og fræðimenn. Þá skiptir máli að hafa samræmdan og vel ígrundaðan orðaforða. Vel heppnað orðasafn getur án efa skotið styrkum stoðum undir fornleifafraeði á Íslandi.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.